



Sjálfsmat

2019-2020

Skýrsla unnin haustið 2020 af
Jónu Vilhelmínu Héðinsdóttur aðstoðarskólameistara

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Tröllaskaga	3
Markmið Menntaskólans á Tröllaskaga	4
Sjálfsmatsáætlun MTR skólaárið 2019-2020.....	4
Matsaðferðir og gagnaöflun	4
Kennslukannanir.....	4
Niðurstöður kennslukannana	5
Viðhorfskannanir.....	6
Framhaldsskólapúlsinn	7
Afdrif útskrifaðra nemenda	8
Könnun meðal nemenda og forráðamanna á tímum Covid-19	10
Stofnun ársins	11
Starfsmannasamtöl.....	12
Greining á tölulegum gögnum.....	13
Umsjónarkerfi	16
Samstarf við aðra	16
Fjárhagur og rekstur	16
Styrkleikar, veikleikar og úrbætur	17
Styrkleikar og veikleikar	17
Úrbætur	17
Heimildaskrá	19
Viðaukar	20
Fylgiskjal 1.....	20
Fylgiskjal 2.....	22
Fylgiskjal 3.....	23

Inngangur

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli í Ólafsfirði stofnsettur árið 2010. Skólinn starfar eftir lögum nr. 92/2008 og Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 sem gefur aukið svigrúm í námsvali til stúdentsprófs og framhaldsskólaprófs.

Skólinn er til húsa að Ægisgötu 13 í Ólafsfirði og er í 1462,4 m² húsnæði. Hann býður upp á 200 eininga stúdentspróf sem gerir nemendum kleift að ljúka námi á þremur til þremur og hálfu ári. Einkunnarorð skólans eru: Frumkvæði, sköpun, áræði.

Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur nú starfað í 10 ár og er stefna hans stöðugt í mótun. Helstu áhersluatriði hafa verið sett fram í skólasamningi og stefnuskjali til þriggja ára. Þar koma fram markmið skólans og þeir mælikvarðar sem settir hafa verið á þau. Innra mat skólans er nátengt stefnunni og markmiðssetningunni og í því er lagt mat á hvernig til hefur tekist við framkvæmd stefnunnar og eftirfylgni.

Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Tröllaskaga

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Dagskólanemar	93	76
Fjarnemar	253	312
Kennarar*	17	18
Brottfall	8%	2%
Brautskráðir	12	32

* Allir fastir kennarar voru með kennsluréttindi og langflestir með meistaragráðu.

Sjálfsmatsteymi var skipað við skólann haustið 2011 og í því eiga setu aðstoðarskólameistari, sem jafnframt ber ábyrgð á sjálfsmatinu, tveir kennarar og fulltrúi nemenda. Teymið hefur verið skipað til árs í senn og hafa aðstoðarskólameistari og annar kennarinn setið frá upphafi. Núverandi teymi hefur setið sjö ár og er að hefja það áttunda. Í því sitja Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir, aðstoðarskólameistari, Óskar Þórðarson og Margrét L. Laxdal kennarar, ásamt fulltrúa nemenda. Sjálfsmatsteymið fundaði að jafnaði tvisvar í mánuði og vann að framkvæmd og úrvinnslu þess á milli. Sú ákvörðun var tekin í samráði við starfsfólk að skólinn mótaði sínar eigin sjálfsmatsaðferðir en tæki ekki beint upp eina ákveðna matsaðferð.

Markmið Menntaskólans á Tröllaskaga

Meginmarkmið í starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga tengjast námskrá framhaldsskóla en auk þess sérkennum skólans sem felast í einkunnarorðum hans: *Frumkvæði – Sköpun – Áræði*.

Frumkvæði

Nemendur og starfsmenn sýni frumkvæði í störfum sínum, komi með hugmyndir að viðfangsefnum og útfæri þau;

- nemendur skilgreini stærri viðfangsefni, útfæri þau og leysi í samstarfi við skólann.
- starfsmenn komi með hugmyndir að uppbyggingu skólans og útfæri þær.

Sköpun

Nemendur og starfsmenn séu skapandi í starfi sínu sem felst í því að

- skapa list sem sýnd er í skólanum og samfélaginu
- hafa áhrif á nærumhverfi skólans innan og utan á skapandi hátt
- sýna sköpun í viðfangsefnum sínum í skólanum sem sagt er frá á heimasíðu eða í fréttamiðlum.

Áræði

Nemendur og starfsmenn sýni áræði með því að ganga ekki bara troðnar slóðir heldur útfæri verk á annan hátt en hefðbundið er sem felst í því að

- leysa verkefni tengd samfélaginu eða í samstarfi við aðila utan skólans
- leysa viðfangsefni sem reyna á samskipti við aðila utan skólans til upplýsingaöflunar eða miðlunar.

Markmið skólans og áhersluatriði hafa verið sett fram í [skólasamningi fyrir 2014-2019 \(sjá viðauka 1\)](#) og stefnuskjali skólans til þriggja ára 2019-2021 (stefnumiðuð áætlun ríkisaðila).¹

Sjálfsmatsáætlun MTR skólaárið 2019-2020

Í tengslum við skólasamning fyrir tímabilið 2014-19 lagði Menntaskólinn á Tröllaskaga fram áætlun fyrir sjálfsmat til þriggja ára. Sjálfsmati skólans er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Sjálfsmatinu er ætlað að ná til allra stjórnunarháttanna og samskipta innan skólans. (Sjá nánar [Sjálfsmatsáætlun](#)). Sjálfsmatsáætlun næstu þriggja ára hefur nú verið sett fram fyrir árin 2020-2023.

Matsaðferðir og gagnaöflun

Sjá má yfirlit yfir matsaðferðir og gagnaöflun í sjálfsmatsáætlun á heimasíðu skólans [Sjálfsmatsáætlun](#).

Kennslukannanir

Gerðar voru kennslukannanir á báðum önnum, haustönn 2019 og vorönn 2020. Á haustönn var gerð könnun í raungreinum, íþróttagreinum og listgreinum en í félagsgreinum og tungumálum á vorönn. Í

¹ Sbr. Menntaskólinn á Tröllaskaga, ársskýrsla 2019 <https://www.mtr.is/is/skolinn/skyrslur>

könnununinni voru 28 spurningar, þar af 26 með fjórum svarmöguleikum; mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála og mjög ósammála, en tvær opnar þar sem nemendur gátu tjáð sig um kosti og galla áfangans. Líkt og á síðasta skólaári var sérstök könnun lögð fyrir fjarnema sem nú eru orðnir í meirihluta í skólanum. Sú könnun var í grunninn sú sama og hjá dagskólanemum en nokkrum spurningum sleppt sem ekki eiga við og aðrar settar inn í staðinn.

Settur var fram matskvarði:

- Mjög sammála = 4
- Frekar sammála = 3
- Frekar ósammála = 2
- Mjög ósammála = 1

Miðað var við að ef 85% væru með einkunnina 3 eða hærri væri það ásættanlegt en ef meðaleinkunn færi niður fyrir 85% væri ástæða til að grípa til úrbóta. Þó skal tekið fram að í skólasamningi var markið við líðan, virkni og verkefnaskil nemenda sett við 90%.

Kannanirnar voru settar upp og lagðar fyrir í kannanakerfinu SurveyMonkey. Sami háttur var hafður á og undanfarnar annir þar sem hver kennari setti slóð inn á sína könnun í vikuáætlun á Moodle. Svarhlutfall í kennslukönnunum á haustönn var nokkurn veginn jafnt hjá stað- og fjarnemum eða 67 og 68%. Á vorönn var hlutfallið herra eða 74% hjá staðnemum og 72% hjá fjarnemum. Niðurstöður kannananna í heild má finna á **Kennslukannanir**.

Niðurstöður kennslukannana

Kennslukannanirnar eru tvískiptar. Annars vegar var spurt um viðhorf til kennara og hins vegar viðhorf til eigin náms. Almennt komu kannanirnar vel út en á nokkrum stöðum er ástæða til að staldra við þar sem niðurstaðan getur ekki talist viðunandi (nær ekki viðmiðunarmörkum 85%).

Haust 2019

Minni munur reyndist á niðurstöðum könnunarinnar hjá stað- og fjarnemum heldur en önnina á undan. Hjá staðnemum voru tvær spurningar með svörum undir 85% mörkunum.

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Vinna í þessum áfanga er hæfilega mikil	17%	83%

Eins og áður var nefnt var markmiðið að 90% nemenda skiluðu verkefnum á réttum tíma og liði vel í náminu. Nú ber svo við að 88% þeirra sem svöruðu telja að þeim líði vel í áfanga og er það því undir 90% mörkunum. Hins vegar hefur markmiðið náðst varðandi verkefnaskil þar sem 95% segjast skila verkefnum á réttum tíma.

Hjá fjarnemum mældust einnig tveir þættir undir 85%. Tveir snúa að nemendunum sjálfum en einn að kennaranum. Níutíu og tveimur prósentum fjarnema líður vel í náminu og 95% skila verkefnum á réttum tíma.

Svör við tveimur spurningum náðu ekki 85% markinu.

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Ég leita til kennarans ef ég skil ekki kennsluefnið.	18%	82%
Ég hef haft tækifæri til að hafa áhrif eða segja álit mitt á efni áfangans.	19%	81%

Vor 2020

Ekki er mikill munur á niðurstöðum kannana á vorönn, hvort heldur sem er hjá staðnemum eða fjarnemum. Hjá staðnemum voru tvær spurningar undir 85%, spurningin um verkefnaskil með 83% jákvæða svörun sem er mun lakara en önnina á undan þar sem 95% svöruðu jákvætt. Þá var spurningin um frumkvæði og þekkingarleit umfram það sem skylt er einnig undir mörkum en önnina á undan svöruðu 90% jákvætt.

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Ég skila verkefnum á réttum tíma	17%	83%
Ég sýni frumkvæði og leita þekkingar umfram það sem skylt er í áfanganum.	17%	83%

Hjá fjarnemum mælast einnig aðeins tveir þættir undir 85% mörkum og önnur rétt undir.

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Ég leita til kennarans ef ég skil ekki kennsluefnið.	16%	84%
Ég hef haft tækifæri til að hafa áhrif eða segja álit mitt á efni áfangans.	18%	81%

Viðhorfskannanir

Í skólasamningi fyrir tímabilið 2014-2019 eru sett fram ákveðin markmið er varða líðan og aðbúnað. Þar er markmiðið að 85% nemenda segi að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum og 85% kennara/starfsmanna séu ánægðir í starfi.

Líkt og á fyrra skólaári var lögð fyrir könnun **Framhaldsskólalúpsins** um líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. Auk þess að gefa okkur mynd af stöðunni í okkar skóla gefst kostur á að bera hana saman við aðra framhaldsskóla sem tóku þátt í könnuninni. Þá var könnun lögð fyrir útskrifaða nemendur þar sem könnuð voru afdrif þeirra og afstaða til skólans. Þetta er önnur könnunin af þessu tagi sem gerð er en hin var gerð fyrir 5 árum. Þá kannaði náms- og starfsráðgjafi viðhorf nemenda og forráðamanna þeirra á lokunartíma skólans vegna Covid-19. Hvað varðaði viðhorfskönnun starfsmanna þá tók skólinn þátt í könnuninni um Stofnun ársins, líkt og árin á undan, og var talið að þar fengist ágætur samanburður milli ára, auk þess að fá samanburð við aðrar stofnanir.

Framhaldsskólapúlsinn

Í könnun Framhaldsskólapúlsins haustið 2019² voru eftirtaldir þættir kannaðir

- Námsumhverfi
- Virkni í námi
- Líðan

Að auki gafst nemendum kostur á opnum svörum sem komu meðal annars inn á kennslumat, mat á líðan og kostum og göllum skólans.

Könnunin fór fram í nóvember 2019. Hún fór fram á netinu og var send með tölvupósti og sms til allra dagskólanemenda samkvæmt nemendalista frá skóla. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80% til að fá fullgildar niðurstöður. Framhaldsskólapúlsinn sendir tengilið skólans svarprósentu reglulega og er því mögulegt að ganga á þá nemendur sem ekki hafa svarað og fá þá til að svara. Könnunin var einungis lögð fyrir dagskólanema þar sem hún á ekki við fjarnema og var fjöldi þátttakenda 57³ og svöruðu 50 eða 87,7%.

Námsumhverfi

Í þessari könnun mælast viðhorf og hollusta nemenda gagnvart skólanum talsvert undir meðallagi og hefur enn lækkað um 2,4% frá síðustu könnun. Á sama tíma hefur viðmiðið hækkað um 9%. Þessi þáttur hefur verið á niðurleið frá 2017 og er umhugsunarefni og ástæða til frekari athugunar því að baki þessum matsþætti liggja spurningar um líðan í skóla og ánægju með skóla og stolt.

Aðrir þættir eru á svipuðum nótum og í fyrri könnun árið áður og mælast nemendur MTR svipaðir viðmiðunarhópnum nema hvað stuðningur kennara við nemendur og virkni nemenda í tímum mælist hærri í MTR en hjá viðmiðunarhópi.

Virkni í námi

Haustið 2017 mældist námsáhugi nemenda jafn viðmiðunarhópi. Ári síðar er hann hins vegar kominn niður fyrir meðallag sem hefur ekki gerst síðan 2014. Enn dalar námsáhugi og mælist 0,9% fyrir neðan viðmið. Vinnulag í námi mælist heldur lægra en á síðasta ári (0,5%).

Þegar kemur að mætingum og fjarveru frá skóla hefur staða nemenda MTR breyst talsvert frá árinu á undan þar sem fjarvera nemenda hefur aukist á ný og skróp talsvert algengari en hjá viðmiðunarhópi. Nemendur MTR virðast verja meiri tíma til náms í dæmigerðri viku en viðmiðunarhópurinn og stunda minni vinnu með skóla. Einnig fer minni tími hjá þeim í tómstundir og æfingar.

² [Framhaldsskólapúlsinn 2018-2019. Menntaskólinn á Tröllaskaga, \(2018\).](#)

³ Könnunin var ekki lögð fyrir starfsbrautarnemendur.

Líðan

Þegar kemur að vellíðan, hamingju og sjálfsáliti mældust nemendur MTR neðar en viðmiðunarhópurinn í fyrra. Í könnuninni 2019 er staðan svipuð þegar kemur að þunglyndi og eru nemendur langt fyrir ofan viðmiðunarhóp. Kvíði mælist einnig meiri en á fyrra ári og er talsvert meiri en hjá viðmiðunarhópi. Þetta er áhyggjuefni sem þarf að skoða. Líkt og undan farin ár höfðu nemendur aðgang að sálfræðingi og gátu óskað eftir viðtölum við hann. Boðið var upp á áfanga í geðrækt á vorönn sem var vinsæll og er hann aftur kenndur á haustönn 2020.

Athyglisvert er að mæling á líðan nemenda í áföngum er ekki í samræmi við það hvernig nemendum virðist líða almennt. Kvíði og þunglyndi virðast ekki koma fram í svörum um hvernig nemendum líður í stökum áföngum.

Haustið 2016 var einelti kannað og í ljós kom að einelti mældist hér 6,2% meðan viðmiðunarhópur stóð í 11,5%. Haustið 2017 mælist það hins vegar hærra eða 8,9% og ári síðar hefur það enn aukist og mælist 15,1%. Enn hefur það aukist og er nú 20%. Hér er um að ræða 9 einstaklinga (4 drengi og 5 stúlkur) sem ekki líður vel og telja sig verða fyrir áreiti eða útilokun sem er ekki ásættanlegt.

Skólinn hefur gert ýmislegt til að bæta úr í þessum efnum. Hér er kenndur áfangi í geðrækt á hverri önn, fengnir hafa verið aðilar með fræðslu til sjálfseflingar og nú er kenndur í fyrsta sinn áfangi í sálrænni skyndihjálp. Þá eiga nemendur kost á öflugri þjónustu náms- og starfsráðgjafa ásamt viðtölum við sálfræðing. Þá má geta þess að skólinn mun taka þátt í tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis um notkun á stafrænum lausnum til að auka aðgengi framhaldsskólanemenda að stoðþjónustu, einkum geðheilbrigðisþjónustu.

Afdrif útskrifaðra nemenda

Í lok vorannar 2020 var send út könnun til útskrifaðra nemenda Menntaskólans á Tröllaskaga. Í henni var spurt út í afdrif nemenda; frekara nám og viðhorf þeirra til skólans. Þetta er önnur könnunin af þessu tagi sem gerð er frá stofnun skólans en hin var gerð fyrir 5 árum. Í þessari könnun voru lagðar fyrir 15 spurningar í SurveyMonkey og sendar til 322 einstaklinga í tölvupósti. Svarprósenta var 50% sem verður að teljast viðunandi miðað við netkönnun sem send er út á netföng sem skólinn hefur aðgang að. Reikna má með að sum þeirra séu ekki lengur virk eða í notkun. Meirihluti þeirra sem svöruðu hafði útskrifast á síðustu 5 árum en 32% höfðu útskrifast fyrr. Jafnt hlutfall var á milli stað- og fjarnema í svarhópnum.

Niðurstöður gáfu til kynna að 46% höfðu farið í frekara nám og 40% fóru í fulla vinnu. Spurt var um í hvaða nám nemendur hefðu farið og voru svörin mjög fjölbreytt. Flestir hafa stundað nám í viðskiptafræði og hjúkrunarfræði en á meðfylgjandi mynd má sjá hversu fjölbreyttar námsleiðir nemendur hafa valið eftir útskrift frá Menntaskólanum á Tröllaskaga.

„Hvernig skólinn er settur upp til að henta þörfum hvers og eins og hversu vel var haldið utan um alla nemendur.“

„Andrúmsloftið og hversu létt var yfir öllum er það sem stendur alltaf helst uppúr í minningunni. Fyrir utan það hjálpaði vikuplanið á námsefni að aga mann í að bera ábyrgð sjálfur á því hvort maður vinnur verkin eða ekki.“

„Skemmtilegur og lifandi skóli. Frábærir kennarar. Þessi tími sem ég var í skólanum er mögulega einn besti tími lífs míns. Sakna hans mikið.“

Rúmlega helmingur svarenda nefndi einhverja galla á skólanum og þar af voru 22% sem nefndu skort á félagslífi. Hér má sjá dæmi um galla sem nefndir voru:

„Lítið sem ekkert félagsstarf, eins og til dæmis nemendafélög sem skipuleggja viðburði.“

„Lítið félagslíf var í skólanum þegar ég var í honum. Hann var nýr og vantaði alla hefðir.“

„Helsti gallinn að mínu mati er að maður kann ekki að taka próf eins og þau eru í háskóla en maður kann þó að læra fyrir próf.“

„Mikil hópavinna, mikið um að þurfa teikna og skapa þrátt fyrir að vera ekki á braut sem tengdist því á nokkurn hátt, búa til ýmis myndbönd og setja á netið og þegar maður varð að búa til kennsluefni í sumum áföngum.“

„Eini gallinn að mínu mati var að vera látin vinna hópavinnu þegar ég var eingöngu í fjarnámi. Mjög erfitt að vinna verkefni í hóp þegar maður var að stunda 150% vinnu með náminu en restin af hópnum var heimavinnandi og hafði tök á að spjalla saman á daginn og vinna verkefnið.“

„Það var ekki mikill sveigjanleiki með skil. Ég skil alla jafna rökin fyrir því en fyrir fólki í vinnu gat þetta stundum verið mikið stress á sunnudögum að rembast við að klára og skila.“

„Gallarnir voru að þegar að háskólanámi kom þá voru þar fyrsta árið engin verkefni heldur einungis loka próf, var því illa undirbúin fyrir það og að skipuleggja mig þannig. Kunni ekki að glósa og þess háttar.“

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir gætu mælt með skólanum við aðra. Tæp 88% svöruðu Já, hikaust og 11,5% sögðu Já og nei og 0,5% Nei, alls ekki. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið kynntar fyrir kennurum og ræddar þar. Athyglisvert er að hér eru þættir sem kallast á við niðurstöður í kennslukönnunum, t.d. hvað varðar fyrirkomulag náms og námsmat. Sama má segja um hópvinnu fjarnema.

Könnun meðal nemenda og forráðamanna á tímum Covid-19

Ákveðið var að gera könnun meðal nemenda og forráðamanna á vorönn 2020 í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu og lokunar á skólahúsnaði. Spurningalisti var sendur rafrænt til 60 staðnema og bárust 19 svör. Þá fengu foreldrar 31 nemanda, yngri en 18 ára, spurningalista og 13 svör bárust. Nemendur fengu 11 spurningar en foreldrar 10. Erfitt er að alhæfa út frá þessum svörum en þau gefa þó vísbendingar.

Líðan nemendanna virtist vera svipuð og fyrir þann tíma sem skólinn lokaði og kennslan færðist öll á netið. Tekið skal fram að nemendur í staðnámi eru vanir sömu vinnubrögðum og búa við sama námsumhverfi og fjarnemar. Helstu niðurstöður voru

- að 2/3 nemenda töldu að þeim gengi vel/eða miðlungs að halda rútínu og tæplega helmingurinn taldi ganga vel að skipuleggja sig og mæta í tíma. Einungis 15% töldu það ganga illa.
- tæplega 80% sögðu að vel gengi að mæta í tíma, 10% töldu ganga illa. 57% sögðust ná að skila öllu verkefnum síðustu viku og tæplega 1/3 skilaði þó hann næði ekki að skila öllu. Einungis 5% höfðu ekki skilað neinum verkefnum síðustu vikuna.
- meirihluti nemenda taldi sig fá skýrar leiðbeiningar og leiðsögn ef þeir bæðu um slíkt eftir að skólanum var lokað og kennarar fóru að nota Google meet. 57% töldu það alltaf eiga við og 38% stundum eiga við.
- 10% nemenda vildu komast í skólann strax.
- 10% töldu líðan sína betri, 20% hvorki betri né verri og 70% töldu hana óbreytta.

Foreldrar voru spurðir hvaða áhrif þeir teldu að lokun skólans hefði haft á barn þeirra. Í opnum spurningum kom eftirfarandi m.a. fram varðandi áhrif lokunarinnar:

„Aðeins, en þá aðallega vegna félagslega þáttaröð. Það tók smá tíma að venjast því að vera einn að læra.“

„Lokunin mun ekki og hefur ekki haft áhrif á niðurstöður/einkunnir í náminu. En hefur haft áhrif á leiðsögn, vangaveltur og endurspeglun við kennara og nemendur - sem hefur verið minni en áður. En góð tengsl samt haldist.“

„Aðeins, en þá aðallega vegna félagslega þáttaröð. Það tók smá tíma að venjast því að vera einn að læra.“

„Neikvæð áhrif þar sem nemandinn þarf miklaaa festu til að halda dampi.“

70% foreldra töldu barn sitt hafa náð að halda sínu striki í námi. Eftirfarandi kom fram í svörum:

„Það hefur hjálpað mikið að hafa þessa tíma í boði á netinu. Þetta er þó mjög langur tími sem barnið situr fyrir framan tölvuna í tíma. einangrað inni í herbergi. Setið í tíma til ca 15:15 og síðan er stífur lærdómur fram að kvöldmat. Stundum er unnið eftir kvöldmat líka til þess að ná að skila öllu sem er fyrir lagt.“

„Barnið náði tökum á því að vinna eitt og lærði að einbeita sér og beita sig aga við námið.“

46% foreldra töldu barn sitt ná að halda rútínu vel, 30% miðlungs og 23% illa. Tæplega 2/3 foreldra töldu barn sitt fá nægar leiðbeiningar og leiðsögn eftir að skólanum var lokað og kennarar fóru að nota Google Meet. 21% taldi svo vera stundum á meðan 14% töldu barnið ekki biðja um aðstoð (þurfa ekki eða þora ekki). Þá töldu 76% foreldra andlega líðan barns síns hvorki betri né verri eftir lokun skólans, 7% töldu hana vera betri og 7% verri.

Stofnun ársins

Líkt og fyrri ár var könnunin **Stofnun ársins** nýtt til að kanna stjórnunarhætti.

Menntaskólinn á Tröllaskaga tók þátt í könnuninni **Stofnun ársins** í áttunda sinn árið 2020. Könnunin er framkvæmd af Gallup fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Stofnunin flokkast með meðalstórum stofnunum með 20-49 starfsmenn. Svarprósenta var 100% en svarhlutfall í heildarkönnuninni var

43%. Árið 2015, 16, 17 og 19 varð skólinn stofnun ársins í sínum stærðarflokki og hlaut viðurkenningu fyrir það frá SFR. Niðurstaðan árið 2018 varð sú skólinn lenti í 2. sæti. Heildarmat Menntaskólans á Tröllaskaga var 4,72⁴ sem er heldur lægra en á fyrra ári. Enn hafa heildarniðurstöður og samanburður við aðrar stofnanir ekki verið birt vegna aðstæðna í samfélaginu.

Líkt og áður eru þeir þættir sem koma verst út flestir þess eðlis að ytri aðstæður gera stjórnendum erfitt að bæta úr, ráðast meðal annars af kjarasamningum.

Í könnuninni kom fram að starfsandi væri góður og vel yfir meðaltali annarra stofnana. Þetta er einnig í samræmi við það sem fram kom í viðhorfskönnun starfsmanna árið á undan. Starfsfólk er almennt ánægt með vinnuskilyrði og starfsaðstöðu. Er það líka í takti við fyrri könnun. Bætt vinnuaðstaða, ásamt matar- og kaffiaðstöðu hefur hækkað mest enda komin ný og glæsileg aðstaða.

Fólk upplifir sig sem sjálfstætt og ánægt í starfi og er stolt af vinnustað sínum. Af könnuninni má ráða að starfsmenn Menntaskólans á Tröllaskaga eru afar sáttir með stofnunina sína og stjórnun hennar.

Starfsmannasamtöl


Skólameistari tók alla starfsmenn í einstaklingsviðtöl í apríl, að þessu sinni á netfundi. Í viðtalinu sem tók klukkustund, var ákveðinn viðtalsrammi til grundvallar sem starfsmönnum hafði verið kynntur fyrirfram. Þar voru teknir fyrir þættir sem vörðuðu starfslýsingar, starfsmanninn sjálfan (framτίðarsýn, styrkleikar og veikleikar), vinnuumhverfi og starfsaðstæður. Viðtölin gengu vel og gáfu viðtölin til kynna að starfsmenn væru almennt ánægðir í starfi sínu.

⁴ Hæsta skor er 5.

Greining á tölulegum gögnum

Hér verður gerð grein fyrir helstu tölum er snúa að innritun, nemendapróun og brottfalli.

Innritunartölur, nemendapróun og brottfall



Mynd 3 Nemendafjöldi á brautum frá upphafi haustið 2010

Nemendafjöldi í skólanum hefur verið svipaður síðustu 7 annir og skólinn í raun fullsetinn. Mest munar um fjarnema sem eru nú 74% nemenda. Próunin er sú að sífelld fleiri fjarnemar stefna á stúdentspróf frá skólanum og útskrifast.


Ef brottfall er skilgreint sem mismunur á nemendum sem sannarlega hefja nám og þeim sem skila sér til prófs var meðalbrottfall 4% á haustönn 2019 og vorönn 2020. Á þetta bæði við um stað- og fjarnema. Skólinn hefur sett sér það markmið að brottfall sé sem minnst og viðmiðið að það sé undir 8% (sjá viðauka) og er brottfallið því vel undir þeim mörkum (var 8% á haustönn en 2% á vorönn). Í þessu samhengi er rétt að það komi fram að í skólanum felst námsmat í sí- og leiðasagnarmati og eru ekki haldin lokapróf. Sú vinnuregla er viðhöfð að ef nemandi er með 2 í einkunn á miðannarmati fær hann einkunn í lok annar þrátt fyrir litla virkni. Í miðannarmati má gera ráð fyrir að 50% námsmats í áfanga hafi átt sér stað.

Námsárangur


Fylgst er með einkunnadreifingu og meðaleinkunnum úr áföngum á hverri önn. Haldið er utan um þessar upplýsingar í Innu. Á haustönn 2019 voru kenndir 52 áfangar á 8 brautum. Á starfsbraut voru 7 áfangar kenndir. Meðaleinkunn allra áfanga, að undanskildum þeim sem fengu matið „staðið“, var 6,6. Á vorönn 2020 voru 58 áfangar kenndir á 8 brautum. Meðaleinkunn var 7,1. Á starfsbraut voru kenndir 7 áfangar. Skólinn hefur sett sér það markmið að meðaleinkunn sé ekki lægri en 6,5 og ekki færri en 80% nemenda ljúki áfanga. Að meðaltali luku 79% nemenda áföngum sínum á haustönn en á vorönn 89%. Athyglisvert er hversu miklu betur vorönn 2020 kemur út í ljósi sérstakra aðstæðna sem ríktu þá önn (Covid-19).

Í stefnumiðaðri áætlun 2019-2021 er m.a. sett fram það markmið að 80% nemenda útskrifist á tilskildum tíma (eftir þriggja ára nám). Þessu markmiði var ekki náð í lok árs 2019 þar sem hlutfallið var 60%. Reyndar höfum við litið svo á að mikilvægara sé að nemendur ljúki námi þótt það sé ekki innan þriggja ára. Áhersla hefur því verið á að nemendur sem eru stirðir til náms fái aðstoð og þeim sé gefinn lengri tími til að ljúka námi. Hvað varðar þetta markmið er það heldur ekki raunhæft að horft sé til þess hvað varðar fjarnema.


Á eftirfarandi myndum má sjá dreifingu meðaleinkunna eftir sviðum. Flestir áfangar eru aðeins kenndir aðra hverja önn. Undantekning frá því eru inngangsáfangarnir þrír, upplýsingatækni dreifnáms og frumkvöðlafræði.




Mynd 4 Meðaleinkunnir í tungumálum skólaárið 2019-2020




Mynd 5 Meðaleinkunnir í félagsgreinum skólaárið 2019-2020



Mynd 6 Meðaleinkunnir í raungreinum skólaárið 2019-2020



Mynd 7 Meðaleinkunnir í listgreinum skólaárið 2019-2020



Mynd 8 Meðaleinkunnir í íþróttagreinum skólaárið 2019-2020

Nýtingarhlutfall í hópum

Nýtingarhlutfall í hópum hefur batnað á undanförunum önnum. Þar vega fjarnemar þungt þar sem þeir eru með staðanemum í hópum. Á skólaárinu 2019-2020 var meðalnýtingarhlutfall í hóp 76% ef reiknað er með 25 nemendum í bóklegum hópum og 15 í listgreina- og tölvuhópum. Þetta er heldur lægra en á síðasta ári. Tekið skal fram að tölur af starfsbraut eru ekki inni í þessum útreikningum.

Umsjónarkerfi

Sama fyrirkomulag var við lýði varðandi umsjón með nemendum og á undanförunum árum. Allir nemendur hafa umsjónarkennara og markmiðið er að þeir haldi þeim sama meðan þeir eru í skólanum sé þess kostur. Umsjónarkennari fylgist með mætingum nemenda og athugasemdum kennara, aðstoðar nemendur við val og gerð námsáætlunar, beinir nemanda til námsráðgjafa þegar við á og er talsmaður nemenda. Allir fagkennarar skrifa stutta umsögn á Innu um ástundun og verkefnaskil nemenda á þriggja vikna fresti. Umsögnin nýtist við samskipti heimila og skóla hjá ólöggráða nemendum, ásamt því að gefa nemendum skýra sýn á stöðu sína.

Samstarf við aðra

Menntaskólinn á Tröllaskaga leggur mikið upp úr samstarfi við aðra. Í markmiðum hans kemur fram að stefnt sé að því að samstarf og virkni séu í góðu lagi. Þeim markmiðum sem þar koma fram hefur verið unnið að jafnt og þétt og á skólaárinu 2019-2020 tókst að uppfylla eftirtalin markmið

- sýningu listar og frumkvöðlaverkefna á báðum önnum
- samstarf við fyrirtæki og félagasamtök (kynningar, fyrirlestrar eða formlegt samstarf)
- samstarf við aðra framhaldsskóla (á hverju skólaári)
- samstarf við grunnskóla í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð
- samstarf við Tónlistarskólann á Tröllaskaga
- samstarf við Íþróttafélög í Fjallabyggð
- erlent samstarf

Fjárhagur og rekstur

Markmið Menntaskólans á Tröllaskaga er að rekstur hans sé í samræmi við fjárhagsáætlun og ávallt sem hagkvæmastur. Það markmið náðist á árinu 2019.

Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

Styrkleikar og veikleikar

Í ytri úttekt sem gerð var haustið 2014 var bent á ákveðna styrkleika og veikleika og hefur verið unnið að því að bæta úr veikum þáttunum eftir megni. Hér fylgir tafla úr úttektarskýrslunni.⁵ Einnig hefur verið unnið að því að bæta stoðþjónustu skólans við nemendur, m.a. með líðan nemenda (þunglyndi og kvíða) í huga.

Styrkleikar	Veikleikar
Sérstaða skólastarfsins í námsfyrirkomulagi, fjölbreyttir og skapandi kennsluhættir, námsmat og sérhæfing í notkun upplýsingatækni. Lausnamiðað skólastarf með áherslu á þarfir nemandans.	Húsnæði of lítið og viðhaldi ábótavant.
Fyrirkomulag verkefnaskila með sterkum, ákveðnum rytma gefur gott utanumhald, festu í starfinu og dregur úr brottfalli.	Mötuneyti ekki til staðar.
Metnaðarfullt, samstillt starfsfólk, hátt menntunarstig starfsmanna og stöðugleiki í starfsmannahópi.	Skólaráð ekki valið fyrr en haust 2014.
Markviss og framtakssöm stjórnun og mikill trúverðugleiki stjórnenda. Ráðning í yfirstjórn fagleg og skilar breidd og víðsýni í stjórnendateymið.	Félagslíf nemenda á erfitt uppdráttar.
Öflug og áhugasöm skólanefnd.	Stærsta upptökusvæði skólans er fámennt. Fámenni getur hindrað fjölbreytni í skólastarfi, s.s. val.
Samstarf við smærri skóla í Fjarmentaskólanum.	Landfræðileg einangrun og nálægð við aðra skóla sem hefð er fyrir að sækja af svæðinu.
Góður starfsandi, mikil nánd, mjög mikil starfsánægja og ánægja nemenda með skólastarfið.	Fagleg einangrun kennara (einn kennari í grein).
Lítill, heimilislegur skóli þar sem list nemenda og kennara er sýnileg.	Skólinn hefur náð hámarksstærð miðað við húsnæði.
Einkunnarorð skólans; frumkvæði, sköpun, áræðni, koma skýrt fram í skólastarfinu.	

Úrbætur

Stoðþjónusta skólans hefur verið eflað. Sálfræðingur starfar einn dag í viku við skólann fyrir nemendur og starfsmenn og verður það vonandi til þess að bæta líðan nemenda. Þá er hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslunni einnig til viðtals í hverri viku. Betur hefur verið haldið utan um skólasókn nemenda og er mikilvægt að viðhalda þeim árangri sem þar hefur náðst. Menntaður náms- og starfsráðgjafi starfar

⁵ Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, (2014).

í 60% stöðu í skólanum. Stoðþjónusta við fjarnemendur hefur verið efld og eiga þeir sama aðgang að námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu og dagskólanemar.

Í skólanum er starfandi mötuneyti fyrir nemendur og starfsmenn. Vinnuaðstaða kennara er góð og það sama á við um kaffiaðstöðu. Geymsla fyrir útivistarbúnað skólans er til staðar.

Starfssemi nemendafélagsins hefur ekki verið öflug. Ekki bætti úr ástand það sem skapaðist síðasta vetur. Á haustönn varð veruleg truflun á skólastarfi í dagskóla vegna óveðurs sem og eftir áramót. Þá tók við skólalokun vegna Covid-19. Nemendafélagi gekk því ekki vel að koma þeim viðburðum í framkvæmd sem það hugðist standa fyrir. Stefnt er að því að bæta úr þessu á nýbyrjuðu skólaári.

Í fylgiskjali 2 má sjá hvernig gekk að fylgja úrbótaáætlun síðasta skólaárs eftir.

Að lokum fylgir hér á eftir úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 (fylgiskjal 3).

Heimildaskrá

Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir. (2014). *Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið*. [Reykjavík]: Attentus.

Framhaldsskólapúlsinn 2019-2020. Menntaskólinn á Tröllaskaga, (2019). Sótt af <https://www.mtr.is/is/skolinn/skyrslur>

Viðaukar

Fylgiskjal 1



Viðauki við skólasamning fyrir 2015 – 2019
milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og
Menntaskólans á Tröllaskaga

A. Markmið

- *Virkir og sjálfstæðir nemendur á samningstímanum sem*
 - eru virkir í verkefnavinnu (yfir 90% skili verkefnum á réttum tíma)
 - líður vel í skólanum (85% líði mjög vel eða vel)
 - hverfa síður frá námi (brottfall sé undir 8%).
- *Námsframboð á samningstímanum sé fjölbreytt þannig að*
 - nemendur finni nám við hæfi (með auknu námsframboði)
 - nemendur séu sjálfstæðir, skapandi og með frumkvæði (sýni afrakstur a.m.k. einu sinni á sýningu á námstíma sínum).
 - samstarf við aðra framhaldsskóla verði fest í sessi með það að markmiði að efla námsframboð.
 - fengin verði fjarkennsla frá VÍ og fleiri í áföngum sem ekki tekst að manna
 - áfangaframboð skólans sé tryggt með fjarnemum í almennum áföngum dagskóla.
- *Kennsla sé skapandi og faglegur metnaður eflur á samningstímanum með því að kennarar*
 - eigi kost á að þróa faglegan metnað sinn (námskeið, búnaður, sveigjanleiki í starfi) mælt í starfsmannasamtali
 - noti fjölbreyttar kennsluaðferðir (85% nemenda telji kennsluhætti fjölbreytta)
 - séu ánægðir í starfi (85% kennara)
 - hafi tækifæri til að sækja námskeið og ráðstefnur á sérsviði sínu.
- *Stjórnendur séu virkir í starfsemi skólans í þjónustuhlutverki á samningstímanum með því að*
 - kenna (að minnsta kosti 2. hverja önn)
 - tryggja að starfsmenn taki þátt í þróun skólans (90% starfsmanna telji svo vera)
 - tryggja að verklagsreglur séu aðgengilegar og þær séu endurskoðaðar árlega.
- *Fjármál skólans séu í jafnvægi á samningstímanum*

- ✧ rekstur sé innan fjárhagsáætlunar á hverju skólaári
- ✧ aðstaða og búnaður séu til fyrirmyndar (90% kennara telji að svo sé).
- ✧ *Samstarf og virkni séu í góðu horfi á samningstímanum með*
 - ✧ sýningu listar og frumkvöðlaverkefna á hverri önn
 - ✧ samstarfi við fyrirtæki og félagasamtök (kynningar, fyrirlestrar eða formlegt samstarf)
 - ✧ samstarfi við aðra framhaldsskóla (á hverju skólaári)
 - ✧ samstarfi við grunnskóla í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð
 - ✧ samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar
 - ✧ erlendu samstarfi frá skólaárinu.

B. Tímabundin verkefni

- ✧ *Útivist, íþróttir og danska*
 - ✧ Nordplus verkefni ásamt Fjordvang Ungdomskole í Danmörku
 - ✧ Áætluð verklok 2016
- ✧ *Skapandi og nýstárlegar lausnir í menntun*
 - ✧ Heimsóknir í danska skóla
 - ✧ Styrkur frá Erasmus, verklok 2016
- ✧ *Listir, matur og tungumál*
 - ✧ Hönnun áfanga og prufukeysla, styrkt af sprotasjóði
 - ✧ Áætluð verklok 2016.
- ✧ Staða og framtíð framhaldsskóla á Norðaustursvæði
 - ✧ Umsjón mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Úrbótaáætlun 2019-2020

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða 1. ágúst
Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi.	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum.	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	LS/ félagsmála- fulltrúi	Náðist ekki á fyrra ári, m.a. vegna utanaðkomandi aðstæðna, óveðurs og Covid-19
Að kennslu- og námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar.	85% telji að kennsluhættir séu fjölbreyttir og séu ánægðir með námsmatsaðferðir.	Kennslukannanir	Samræður kennara og nemenda.	Kennarar	Náðist á báðum önnum hjá öllum nemendum.
Að nemendur telji sig geta haft áhrif á nám sitt og efni áfanga.	85% nemenda telji að þeir geti haft áhrif á nám sitt og efni áfanga.	Kennslukannanir	Nemendalýðræði, fundir og samræður nemenda og kennara. Skólafundur, lýðræði, námsframboð.	LS/JVH Kennarar	Náðist hjá staðnemum á báðum önnum. Vantar 4 % hjá fjarnemum.
Að nemendum í skólanum líði almennt betur og draga úr þunglyndi og kvíða.	Að kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarahópi í könnun.	Framhaldsskólupúlsinn	Sálfræðiþjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfsefningu	LS Námsráðgjafi	Náðist ekki
Að draga úr og reyna að fyrirbyggja einelti.	Að einelti mælist ekki yfir viðmiðunarahópi í könnun.	Framhaldsskólupúlsinn	Fræðsla um einelti	Eineltisteymi	Náðist ekki

Úrbótaáætlun 2020-2021

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi.	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum.	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	LS/ félagsmála- fulltrúi
Að nemendur telji sig geta haft áhrif á nám sitt og efni áfanga.	85% nemenda telji að þeir geti haft áhrif á nám sitt og efni áfanga.	Kennslukannanir	Nemendalýðræði, fundir og samræður nemenda og kennara. Skólafundur, lýðræði, námsframboð.	LS/JVH Kennarar
Að nemendum í skólanum líði almennt betur og draga úr þunglyndi og kvíða.	Að kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í könnun.	Framhaldsskólupúlsinn	Sálfræðipjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu	LS Námsráðgjafi
Að draga úr og reyna að fyrirbyggja einelti.	Að einelti mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í könnun.	Framhaldsskólupúlsinn	Fræðsla um einelti	Eineltisteymi